

Leikskólinn Krílabær  
Litlulaugum Þingeyjarsveit  
650 Laugar  
s.4643315/8420050  
krilabaer@thingeyjarskoli.is

## Fréttabréf aprílmánaðar 2025

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
		1. Pizza	2. Fiskibollur Snemmlökun kl.15	3. Lokað vegna starfsdags	4. Lokað vegna starfsdags	5.
6.	7. Bleikja	8. Snitsel	9. Hakk og spaghetti	10. Steiktur fiskur	11. Mjólkurgrautur Gulur dagur	12.
13.	14. Lokað v/styttingu vinnuviku	15. Lokað v/styttingu vinnuviku	16. Lokað v/styttingu vinnuviku	17. Skírdagur lokað	18. föstudagurinn langi, Emil 4 ára	19.
20. Páskadagur	21. Annar í páskum	22. Fiskibollur	23. lasagne	24. Sumardagurinn fyrsti, Harpa byrjar	25. Mjólkurgrautur	26.
27.	28. Bleikja	29. Sperðlar	30. Pizza Berglind María 5 ára			

Alla morgna er boðið uppá hafragraut, 2 tegundir kornmetis, súrmjólk, lýsi, rúsínur, mjólk og vatn. Grænmeti er borið fram með öllum mat í hádeginu.

Í nónhressingu er boðið uppá heimabakað brauð, hrökkbrauð, álegg, mjólk, vatn og ávexti. Einn dag í viku er einnig boðið sætabrauð.

Á íþróttadögum er gott að koma í stuttbuxum undir dagklæðnaði og eins er gott að dagklæðnaður sé þægilegur til íklæðslu fyrir börnin að íþróttum loknum

## Breytingar í barnahópnum.

Nú verða breytingar í barnahópnum, hún Þórdís Ylfa er komin með leikskólapláss á Akureyri þar sem hún ætlar að eiga heima svo hennar síðasti dagur í Krílabæ er mánudagurinn 31.mars. Við þökkum henni og fjölskyldu hennar fyrir samveruna og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Einnig mun hún Vivían Magnea segja skilið við okkur um miðjan maí og flytjast inn á Svalbarðsströnd þar sem þau ætla að setjast að. Við þökkum þeim einnig fyrir samveruna og óskum þeim alls hins besta á nýjum slóðum.

## apríl 2025

### Símasamband

Ef þið þurfið að ná sambandi við okkur þá er öruggasta leiðin að hringja í **8420050**.

Við óskum ykkur gleðiríkra páska og gleðilegs sumars og þökkum ykkur fyrir veturinn.

Stelpurnar í Krílabæ



## Lokanir í apríl

### Starfsdagar/skipulagsdagar/ stytting vinnuviku

Eins og fram kom á fundi með leikskólastjóra fyrr í vetur þá varð að gera breytingar á skóladagatali til samræmis við aðra skóla í sveitarfélaginu og vegna skipulags sem var búið að gera án okkar vitundar, því verður lokað fimmtudaginn 3. apríl og föstudaginn 4. apríl.

Þá verður lokað í dymbilviku v/styttingar vinnuviku

Aðrir lokunardagar eru:

Skírdagur, föstudagurinn langi, annar í páskum og sumardagurinn fyrsti